

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 20. júní kl. 10:45 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1214. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.

Fundinn sátu: Sigrún Reynisdóttir, Edda Þórsdóttir, Kristín B I. Sverrisdóttir og Vala Ragna Ingólfssdóttir.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

- Andrésbrunnur 14 - USK23010325** Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á íbúð 0201 í mhl. 02 á lóð nr. 12-18 við Andrésbrunn.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 30. nóvember 2022.
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

- Álfheimar 74 - USK23020162** Sótt er um breytingu á auglýsingaflötum, frá flettiskilti í stafrænt skilti. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023 fylgir erindi.
Gjald. Kr.14.000.

Synjað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023.

- Ásvallagata 21 - BN061410** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033899, með síðari breytingum BN042212 og BN052739 þannig að salerni er breytt í geymslu, svalir stækkaðar og hámarkshæð þaks hækkar frá fyrri grenndarkynningu, á húsi á lóð nr. 21 við Ásvallagötu.

Stækkun: 4.1 ferm., 1.0 rúmm.

Erindi fylgir samþykki eiganda í formi áritunar á afrit teikninga aðalhönnuðar dags. 15. ágúst 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu samþykktum 2. maí 2017, séruppdráttur svala nr. 20-13, dags. 15. ágúst 2022, bréf hönnuðar dags. 13. september 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022.

Gjald kr.12.600.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsing verð gerð vegna breytinga í húsinu og henni þinglýst fyrir lokaúttekt. Fá staðfestingu frá eignaskiptalýsanda fyrir útgáfu byggingarleyfis. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

- Barónsstígur 34 - USK23050245** Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra deilda leikskóla fyrir 70 börn á lóð nr. 34 við Barónsstíg. Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 21. nóvember 2022.

Jafnframt er erindi BN061818 dregið til baka.

Stærð: 630 ferm., 1.903,8 rúmm.

Gjald kr. 13.200.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. **Bergstaðastræti 13 - USK23010247** Sótt er um að breyta erindi, BN040897 vegna lokaúttektar, þannig að innra fyrirkomulag íbúðar á 2., 3. og 4. hæð er breytt þannig að þvottaherbergin eru færð inn í baðherbergin en við það stækka geymsluherbergin en svefnherbergin minnka, hæðarlega lóðar breytt við undirgöng og halli skábrautar, opnanleg fög í stigahúsi í stað reyklosunnar í þaki og EI30 gler eingöngu á 3.hæð og fallvörn komið fyrir við lóðarmörk á húsi á lóð nr. 13 við Bergstaðastræti. Erindi fylgir minnisblað brunahönnuðar dags. 12. maí 2023. kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. **Blikastaðavegur 2-8 - USK23030218** Sótt er um leyfi til að byggja millipall fyrir geymslur sem fær rýmisnúmer 0143, stækka starfsmannaaðstöðu í rými 0111 og bæta við vöruafgreiðslu pantana og frysti fyrir starfsemi sem er einskorðuð við vöruhús og dreifingu á svæði 2 milli mátlína 11-12 í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Stækkun: 129,6 ferm. Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. **Borgartún 8-16A - USK23050302** Sótt er um leyfi til að koma fyrir varaafstöð í rými 0043 á hæð -1 í BK5, bílajakjallara á lóð nr. 8-16A við Borgartún. Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 22. maí 2023. Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. **Brekkaás 6B - USK23040001** Sótt er um leyfi til að byggja dreifistöð raforku fyrir einn spennu, forsteyptar undirstöður, burðarvirki útveggja og þaks er stálgrind, og klætt málmklæðningu á húsi á lóð nr. 6B Spennistöð við Brekkaás. Stærð: 7,5 ferm., 21,8 rúmm. Erindi fylgir: Hæðar- og mæliblað. Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. **Bústaðavegur 81 - USK23050031** Sótt er um leyfi til að gera nýjar dyr og breyta gluggum á norðurhlíð, klæða að utan með bárujárni og breyta innra skipulagi í leikskólanum Garðaborg á lóð nr. 81 við Bústaðaveg. Erindi fylgir hljóðvístarskýrsla frá Mannvit dags. 3. maí 2023 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. **Bústaðavegur 83 - USK23040088** Sótt er um leyfi til að hækka þak og setja 2 kvisti og klæða með aluzink báruklaðningu, setja fjóra þakglugga, nýjar stálsvalir fyrir framan suðurkvist, breyta innra fyrirkomulagi á 2. hæð og risi, nýjan lokaðan stiga frá 2. hæð upp í risi, burðarveggur á milli herbergja á 2. hæð fjarlægður og stálbiti settur í staðinn ásamt því að stækka baðherbergi inn í hjónaherbergi, í risi verða 2 herbergi, baðherbergi og geymsla í húsi á lóð nr. 83 við Bústaðaveg. Stækkun: 58,5 ferm., 106 rúmm. Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. **Efstaland 26 - USK23040136** Sótt er um leyfi til þess að gera nýjan inngang og innrétta ísbúð í að rými 0204 í verslunarkjarnanum Grímsbæ á lóð nr. 26 við Efstaland.
Erindi fylgir umsögn frá Vinnueftirlit ríkisins dags, 1. júní 2023, yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 29. september 2009 ásamt samþykki eignar 0204.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. **Efstasund 21 - USK23040089** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. breytingar á burðarvirki og innra skipulagi jarðhæðar í húsi á lóð nr. 21 við Efstasund.
Erindi fylgja bréf hönnuðar dags. 26. apríl og 25. maí 2023, teikning af nýjum burðarbita dags. í mars 2023 og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 25. maí 2023.
Áður gerð stækkun:
Gjald kr.14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. **Eggertsgata 24 - USK23030258** Sótt er um leyfi til að byggja skrifstofu og athvarf fyrir námsmenn, staðsteypt hús á einni hæð klætt lerki, hús nr. 24A á lóð nr. 2-32 við Eggertsgötu.
Stærð: 311,0 ferm., 928,3 rúmm.
Erindi fylgir gátlisti aðaluppdráttar, greinargerð hljóðvistar dags. 8. mars 2023 og mæliblað. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa 1. júní 2023. Athugasemdir skipulagsfulltrúa má sjá í athugasemdalista byggingarfulltrúa, dags. 25. maí 2023.
Gjald kr.14.000.

Frestað. Með vísan til athugasemda og skipulagsfulltrúa.

14. **Egilsgata 14 - BN060948** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúða, hæðarlegu lóðar við hús og til að byggja bílskúr í vesturhorni lóðar þrífylshúss nr. 14 við Egilsgötu.
Bílgeymsla: 34,8 ferm., 106,8 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað, yfirlit breytinga og leiðrétt eyðublað byggingarleyfisumsóknar f. umfjöllun og umsækjendur.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. ágúst 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022, bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2022, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 1. september, og bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2022.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Lagfæra skráningu.

15. **Eirhöfði 1 - USK23020319** Sótt er um leyfi til að byggja steinsteipt 4 -7 hæða fjölbýlishús, fjögur stigahús með 72 íbúðum, sem verða Eirhöfði 3 og 5, Steinhöfði 2 og 4, ásamt bílakjallara með 88 bílastæðum, og verður fyrri áfangi fjölbýlishúsa á lóð nr. 1 við Eirhöfða. Erindi fylgir greinargerð aðalhönnuðar dags. 21. febrúar 2023, hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 14. júní 2022, brunahönnun frá Eflu dags. 23. febrúar 2023 og varmatapsrammi dags. 21. júní 2022. Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. janúar 2023. Stærð, A-rými: 11.026,3 ferm., 33.483,7 rúmm. B-rými: 402,6 ferm. Gjald kr. 12.600.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

16. **Grensásvegur 48 - USK23050251** Sótt er um leyfi til að innrétta þrjár íbúðir á 2. hæð í húsi á lóð nr. 48 við Grensásveg. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023. Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísad til athugasemda.

17. **Hafnarstræti 18 - USK23050206** Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á 2. hæð auk breytinga á brunavarnalýsingu í húsi á lóð nr. 18 við Hafnarstræti. Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísad til athugasemda.

18. **Hjallavegur 52 - USK23040167** Sótt er um leyfi til þess að byggja stakstæða bílgeymslu, mhl.02, með geymslulofti að hluta og tilheyrir íbúð 0101, í tvíbýlishúsi, mhl.01, á lóð nr.52 við Hjallaveg. Stærð mhl.02: 29.6 ferm., 98.3 rúmm. Erindi fylgir samþykki lóðarhafa nr. 50 dags. 30. maí 2023. Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísad til athugasemda.

19. **Hlíðarhús 7 - USK23030087** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. og 3. hæðar í mhl. nr. 01, þ.e. fjölgað hjúkrunarrýmum um átta og nýjum vaktrýmum komið fyrir í miðkjarna húss á lóð nr. 3-7 við Hlíðarhús. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísad til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

20. **Holtavegur 28 - USK23050083** Sótt er um leyfi til að gera innanhúss breytingar á neðri hæð KFUM K sem felur í sér að gerðar verða tvær deildir fyrir elstu börnin, auk þess verða klósett kjarnar færðir og wc fyrir hreyfihamlaða bætt við í leikskóla á lóð nr. 28 við Holtaveg.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. **Hrísateigur 15 - USK23020248** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á notkun bílskúrs í vinnustofu, og til þess að sameina mhl.70, og mhl.01, stækka stofur allra íbúða til suðurs og lengja svalir á 1. og 2. hæð að nýbyggingu, íbúðarhús á lóð nr. 15 við Hrísateig.
Stækkun: 33.2 ferm., 89.6 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 6. desember 2005.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. **Hæðarsel 14 - USK23020321** Sótt er um leyfi til þess að stækka anddyri til vesturs, byggja yfir svalir og stækka efri hæð sem þeim nemur og byggja einnar hæðar steinsteypta viðbyggingu með þaksvölum við suðurhlíð einbýlishúss á lóð nr.14 við Hæðarsel.
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. febrúar 2023, mæliblað 4.927.5 dags. 26. maí 1978, hæðablað dags. júní 1979 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 29. mars 1979.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. **Langirimi 21-23 - USK23020163** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059384, þ.e. notkun vinnustofa í íbúðir og innra skipulagi á 2. hæð í matshluta nr. 01, hús nr. 23 á lóð nr. 21-23 við Langarima. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2023 og yfirlit breytinga.
Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. **Laufbrekka - USK23050222** Sótt er um leyfi til að gera glugga í stað hurðar og innrétta íbúð í bílskúr (mhl. 02) á lóðinni Laufbrekka.
Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. **Lyngháls 7 - USK23050030** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, endurnýja klæðningar inni, setja upp vélræna loftræsingu, loka hluta skriðkjallara og gera nýtt aðgengi að honum utanfrá í húsi á lóð nr 7 við Lyngháls.
Erindi fylgir brunahönnun dags. 26. maí 2023, greinargerð um hljóðvist dags. 26. maí 2023 og yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Lagfæra skráningu.

26. **Nauthólsvegur 68B - USK23040237** Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi USK1684375 vegna lokaúttektar.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. **Nauthólsvegur 83 - USK23050191** Sótt er um leyfi til þess að byggja þriggja hæða steinsteyppt íbúðarhús ásamt kjallara, með 18 íbúðum, einangrað að utan og klætt sléttri áklæðningu, 87D, mhl.04, á lóð nr. 83 við Nauthólsveg.
Stærð: 1.089.3 ferm., 2.591.3 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað 1.755.2 dags. 1. september 2022, hæðablað 1.755.2 útgáfa d, dags. 13. ágúst 2018 og hjóðvistarsskýrsla verkfræðistofunnar Eflu ehf., dags. 15. maí 2023.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. **Njörvasund 21 - USK23050246** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í opi milli eldhúss og stofu í kjallaraíbúð auk garðhurðar og glugga á suðurhlið í húss nr. 21 við Njörvasund.
Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. **Reiðvað 1 - USK23050221** Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á alla eignarhluta með viðurkenndu svalalokunarkerfi á hús nr.1 við Reiðvað.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. **Skipholt 23 - USK23050032** Sótt er um leyfi til að innrétta pílates stúdíó í mhl. 02 á lóð nr. 23 við Skipholt. Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. **Sogavegur 3 - USK23030201** Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu á einni hæð auk kjallara við vesturhlið verslunar- og vinnsluhúss á lóð nr. 3 við Sogaveg.
Stækkun: 203.6 ferm., 725.5 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaltekningum samþykktum 22. september 2015, mæliblað 1.810.1 dags. 12. janúar 2023, greinargerð verkfræðistofunnar Örugg um brunahönnun dags. 9. maí 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023.
Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. **Sólvallagata 2 - USK23050193** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN053169, með síðari breytingu BN057349, þannig að hætt er við að loka af og gera að sér rými, rishæð í einbýlishúsi á lóð nr. 2 við Sólvallagötu.
Erindi fylgir hnitasett mæliblað dags. 1929, hæðablað dags. 27. júní 2017 ásamt yfirliti breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 10. mars 2020.
Gjald 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. **Sunnuvegur 27 - USK23030217** Sótt er um leyfi til að reisa garðskála úr stáli, áli og gleri á steypum sökklum með hellulögðu gólfi á suðvesturhorni lóðar á lóð nr. 27 við Sunnueg. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júní 2023 fylgir erindi.
Stærð: 35 ferm. Erindi fylgir mæliblað dags. 3. mars 2009.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Frestað með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júní 2023.

34. **Tunguvegur 24 - USK23020007** Sótt er um leyfi til að hækka ris og byggja kvisti, gera viðbyggingu við norðvesturhlið, lækka gólf kjallara og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 24 við Tunguveg.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023 fylgir erindi.

Stækkun: 99 ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 276,8 ferm., 760,7 rúmm. B-rými: 8,6 ferm.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. **Úlfarsbraut 24 - USK23020244** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN034895, óuppfyllt rými í kjallara breytt í geymslu og þvottahús, komið fyrir opnanlegu fagi á vesturhlið á nýju rými, innra skipulag kjallara og útlit uppfært á húsi nr. 24 á lóð nr. 22-24 við Úlfarsbraut.

Stækkun: 35,8 ferm., 19,3 rúmm.

Erindi fylgir hæðar- og mæliblað, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2023 og samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

36. **Vegbrekkur 9-15 - USK23050025** Sótt er um leyfir til að byggja hesthús á lóðarluta nr. 13 á lóð nr. 9-15 við Vegbrekku.

Stærð: 495,2 ferm., 1,334.5 rúmm.

Erindi fylgir hæðarblað dags. febrúar 2008 og mæliblað dags. 12. nóvember 2003.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

37. **Vesturgata 3 - USK23020049** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046742 vegna lokaúttektar, þ.e. staðsetning á sorpi, innra skipulagi kjallara, 2. og 3. hæðar, auk þess að breyta útliti suðurhliðar mhl nr. 01, á lóð nr. 3 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. **Þingholtsstræti 11 - USK23020199** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að breyta notkun og skráningu efri hæðar 0201, í sjálfstæða íbúð og fjölga eignum, í húsi á lóð nr. 11 við Þingholtsstræti. Erindi fylgir afrit af uppdrætti teiknistofunnar Arko nr. 102 samþykktum þann 30. júní 1994.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. **Öldugata 14 - USK23040198** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, taka í notkun háaloft og til að skipta einbýlishúsi upp í tvær sjálfstæðar eignir á lóð nr. 14. við Öldugötu.

Stærðarbreyting v. háalofts: 83.9 ferm., 0,0 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á ódagsettri endurgerð upprunalegra uppdrátta og bréf frá hönnuði dags. 26. maí 2023.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Ýmis mál.

40. **Gelgjutangi Skolp - USK23040122** Spurt er hvort leyfi fengist til þess að rífa núverandi skólpdælustöð, bárujárnsklætt stálgrindarhús staðsett á steyptu síló sem inniheldur dælubúnað á lóðinni Gelgjutangi Skolp.

Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.

41. **Keldur og Keldnaholt - Keldnavegur 1- 25 - 2.960.3 og 2.961.2. Árleynir 2, 2A, 6A, 8-8A og 22 - 2.920.2 - USK23040228** Lóðauppdráttur.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

42. **Þverholt 18 og Rauðarárstígur 31 - 1.244.0 - USK23050049** Lóðauppdráttur.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 12:10

Sigrún Reynisdóttir
Edda Þórsdóttir
Kristín B I. Sverrisdóttir
Vala Ragna Ingólfssdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir